

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 962/2010

2011/EES/22/09

frá 26. október 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1108/2009⁽²⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu er nauðsynlegt að viðhalda núgildandi kröfum og verklagsreglum um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði, einkum í tengslum við kröfur um þjálfun, próf, kunnáttu og reynslu er varða útgáfu á skirteini flugvéltækis sem gildir um loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi.
- 2) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina þrjú álit⁽³⁾ sem gefin voru út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Nauðsynlegt er að gefa nægan tíma til að meta áhrif allra breytinga á núgildandi reglur í því skyni að tryggja að þessar reglur verði áfram einfaldar, hlutfallsbundnar, kostnaðarhagkvæmar og skilvirkar í öllum tilvikum, með tilliti til áhættumats.

- 3) Því er nauðsynlegt að heimila lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hagsmunaaðilum að fresta beitingu tiltekinna ákvæða sem hafa áhrif á loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að stórum loftförum undanskildum, um eitt ár til viðbótar.
- 4) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003⁽⁴⁾ til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað g-liðar 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 komi eftirfarandi:

„g) að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að undanskildum stórum loftförum, kröfum um að fara eigi að III. viðauka (66. hluta) í eftirfarandi ákvæðum, fyrr en 28. september 2011:

— g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 við I. viðauka (M-hluta),

— g- og h-lið 145.A.30 við II. viðauka (145. hluta).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 281, 27.10.2010, bls.78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51.

⁽³⁾ Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 05/2008 „um tímamörk til að sýna fram á samræmi við kröfur um þekkingu og reynslu“, álit nr. 04/2009 „um skirteini flugvéltækis fyrir einföld loftför“ og álit nr. 05/2009 „um réttindi handhafa skirteinis flugvéltækis í flokki B1 og B2“ og „tegundar- og hópréttindi“ og „þjálfun til tegundarréttinda“.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.